

Ed.

326. Frumvarp til laga

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert í $1\frac{3}{4}$ virkan dag fyrir hvern mánuð, sem hann hefur unnið næsta orlofsár á undan, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími er ekki talinn með. Brot orlofsdags, sem nemur meira en hálfum degi skv. 1. málgr., telst heill dagur, en lægra broti skal sleppt.

Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi. Það telst einnig vinnutími samkvæmt þessari grein, ef kona er frá vinnu vegna barnsburðar í allt að 12 vikur.

2. gr.

a. 1. málgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

b. 2. málgr. 4. gr. laganna falli brott.

c. 4. málgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í föstu starfi. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana og fá auk þess greiðslu, sem svarar 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem þeir hafa fengið fyrir unna eftir-, nætur- og helgidagavinnu næsta orlofsár á undan. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

3. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, ef betur þykir henta, að veita Alþýðusambandi Íslands umboð til að fara með þá framkvæmd þessarar greinar, sem ella fer fram á vegum póststjórnarinnar, gegn hæfilegri þóknun, sem samkomulag verður um.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um lengd orlofs taka gildi 15. maí 1965. Að öðru leyti taka lög þessi gildi nú þegar.

Greinargerð.

Lög um orlof voru fyrst sett hér á landi árið 1943, en undanfari þeirrar löggjafar voru samningar stærstu verkalýðsfélaganna (Dagsbrúnar) um orlofsrétt og starf millipinganevndar, sem kjörin var af Alþingi 1941 samkv. þál. um skipun slíkrar nefndar „til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum“, eins og það var orðað í till. Þegar hér var komið sögu, var orlofsréttur opinberra starfsmanna þegar viðurkenndur, svo og verzlunar- og skrifstofufólks.

Þessi fyrsta orlofslöggjöf gekk að vísu ekki stórum lengra en svo, að lögfest voru réttindi, sem þegar höfðu náðst af hinum stærri verkalýðsfélögum og aðrir höfðu náð án beinna samninga, en þó var þar um allmörg nýmæli að ræða (orlof sjómanna), og mikils var um vert, að með lögnum voru hin fengnu réttindi tryggð

til frambúðar og framkvæmd orlofsréttarins settar fastmótaðar skorður. Við setningu orlofslaganna var í verulegum mæli höfð hliðsjón af orlofslöggjöf Norðurlanda, en þar höfðu slík lög gilt árum saman (í Noregi frá 1936, í Svíþjóð frá 1938 og í Finnlandi frá 1939).

Með orlofslögunum 1943 var öllum, sem störfuðu í þjónustu annarra, tryggt orlof í einn dag fyrir hvern almanaksmánuð, sem þeir höfðu unnið næsta orlofsár á undan, og greiðsla fyrir orlofstímann ákveðin með þeim hætti, að fastir starfsmenn héldu óskertum launum, en lausráðið fólk fékk með kaupgreiðslum hverju sinni orlofsmerki, sem voru útleysanleg í byrjun orlofs fyrir upphæð, sem svaraði til 4% af dagvinnukaupi næstliðið orlofsár, og að auki jafnháan hundradshluta af kaupi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu reiknuðu eins og sú vinna hefði öll verið unnin í dagvinnu.

Síðan 1943 hafa aðeins einu sinni verið gerðar umtalsverðar breytingar á orlofslöggjöfinni, en það var gert með lögum 4. febr. 1957, er þáv. félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, beitti sér fyrir. Með þeim lögum voru felld inn í löggjöfina þau auknu réttindi, sem verkalýðssamtökin höfðu náð fram með samningum við atvinnurekendur, hlutarsjómönnum tryggð full greiðsla orlofsfjár úr hendi atvinnurekenda og fyrningarréttur orlofsfjár ákveðinn hinn sami og um venjulegar kaupkröfur væri að ræða. En verkalýðsfélögin höfðu í desemberverfallinu 1952 náð samningum um hækkun orlofsfjár úr 4% í 5%, og enn höfðu þau knúið fram hækkun í verkföllunum miklu vorið 1955 úr 5% í 6%, og orlofstíminn var þá ákveðinn 18 virkir dagar fyrir fullvinnandi starfsfólk.

Síðan 1957 hefur engin breyting verið gerð á orlofslögunum, en á því tímabili, sem síðan er liðið, hefur verkalýðshreyfingin fengið fram þá breytingu á greiðslu orlofsfjár (í vinnudeilunni 1961), að það er nú greitt með 6% af öllum kaupgreiðslum lausráðsins fólks. Þeir, sem eru í föstu starfi, búa þó enn við þau ákvæði, að orlofsgreiðsla kemur ekki fyrir eftir-, nætur- eða helgidagavinnu þeirra. Einstök verkalýðsfélög hafa einnig náð hagstæðari samningum um lengd orlofstíma fyrir starfsfólk, sem unnið hefur lengi hjá sama vinnuveitanda.

Af framangreindu er ljóst, að orlofslöggjöfin hefur ekki breytt í samræmi við þróun þess orlofsréttar, sem verkalýðssamtökin hafa samið um við atvinnurekendur, og því fer enn fjarri, að löggjafinn hafi á nokkurn hátt rutt brautina fyrir nýjum umbótum.

Á sama tíma og alger kyrrstaða hefur verið í þessum efnum hér á landi af hálfu löggjafans um fjölda ára, hefur annars staðar um Norðurlönd orðið veruleg breyting á orlofslöggjöf til aukins réttar vinnandi manna, og stendur hin íslenska orlofslöggjöf því nú mjög verulega að baki orlofslöggjöf hinna Norðurlandanna. Þannig hafa Svíar nú fyrir skömmu (1963) samþykkt nýja orlofslöggjöf, og tekur hún fullt gildi á komandi vori. Samkvæmt henni verður lágmarksorlof fullvinnandi fólks nú á þessu ári 24 virkir dagar (2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á næstliðnu orlofsári), og orlofsfé er ákveðið 9% af kaupi. Ríkisstjórn Danmerkur hefur gefið út yfirlýsingu um stórbætta orlofslöggjöf á næstunni, en orlofsfé er þar nú 7¼% af kaupi. Norðmenn búa við orlofslöggjöf frá 1962, og er lágmarksorlof samkvæmt henni 21 virkur dagur og orlofsfé 7½% af kaupi. Því má svo við bæta, að stöðugri sókn er haldið uppi á þessu sviði af hálfu alþýðusamtakanna, með meiri eða minni stuðningi viðkomandi ríkisstjórna.

Þegar gerður er samanburður við hin Norðurlöndin í þessum eignum, verður að hafa það í huga, að þar býr alþýða manna við miklu skemmri vinnudag en tíðkast hér á landi, yfirleitt ekki yfir 45 stundir á viku, og eru af þeim ástæðum enn sterkari rök, sem að því hníga, að vinnustéttunum hér á landi sé tryggður a. m. k. jafn réttur til árlegs orlofs og þar er nú í gildi og þó helzt nokkru betri vegna hins mikla vinnuálags, sem verkafólk verður almennt að þola hér á landi.

Að þeim breytingum samþykktum, sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi orlofslögum, verður að telja, að í meginatriðum væru þau orðin sambæri-

leg við hliðstæða löggjöf annarra Norðurlanda, en breytingarnar eru efnislega sem hér segir:

1. Að lágmarksorlof verði lengt úr 18 dögum í 21 dag.
2. Að orlofsfé verði 8% af kaupi í stað 6% nú.
3. Að fólki í föstu starfi verði tryggð greiðsla orlofsfjár af eftir-, nætur- og helgidagavinnu á sama hátt og verkalýðsfélögin hafa tryggt skjólstæðingum sínum slíkar greiðslur með samningum.
4. Að ríkisstjórninni verði heimilað að fela Alþýðusambandi Íslands þá framkvæmd orlofslaganna, sem nú er falin póststjórninni, en flm. telur, að með þeim hætti væri framkvæmd hinna mikilvægu orlofsréttinda færð nær þeim, sem þeirra eiga að njóta, og yrðu því raunhæfari þeim til hagsbóta og heilla.
5. Að konur skuli einskis í missa um orlofsrétt, þótt þær séu frá verkum í allt að 3 mánuði vegna barnsburðar.

Flm. vill að lokum vænta þess, að frv. þetta hljóta greiða afgreiðslu á hv. Alþingi, ekki sízt með tilliti til þeirrar staðreyndar, að íslenskt verkafólk á sjó og landi hefur nú um skeið lagt á sig meiri vinnu og meira erfiði til þess að auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur en dæmi eru til a. m. k. í okkar heimsálfu og á því sérstakan kröfurétt á því, að sá hluti þess grundvallarréttar að mega njóta hæfilegrar hvíldar frá störfum, sem fólgin er í réttinum til orlofs, sé veittur því af rausn og réttlæti.